

Miðvikudaginn 15. júní 1927.

Nr. 90/1927. **Hreppsnefnd Fljótshlíðarhrepps**

(Jón Ásbjörnsson)

gegn

Kort Eyvindssyni (Enginn).

Frávísun.

Úrskurður fógetarjettar Rangárvallasýslu 17. desbr. 1925: Lögtaggjörðin gagnvart Kort Eyvindssyni á Sámstöðum 4. þ. m. skal úr gildi feld, og skal hann sýkn af öllum þeim kostnaði, er hún hefir haft í för með sjer.

Dómur hæstarjettar.

Hinn 4. desbr. 1925 gjörði hreppstjórinn í Fljótshlíðarhreppi lögtag hjá stefnda fyrir 5 kr, sem ógreiddar voru af aukaútsvari, er á hann hafði verið lagt við niðurjöfnun útsvara í hreppnum haustið 1924, en útaf framkomnum mótmælum gegn lögtaginu feldi hlutaðeigandi fógeti það úr gildi með úrskurði uppkveðnum 17. s. m.

Þessum úrskurði hefir hreppsnefnd Fljótshlíðarhrepps skotið til hæstarjettar með stefnu útgefinni 14. desbr. f. á., að fenginni gjafsókn og að fengnu áfrýjunarleyfi dags. 26. nóv. f. á., með því að hinn lögboðni áfrýjunarfrestur var liðinn, en þareð fjárkrafa sú, er málið er risið af, nemur eigi 25 kr. og eigi liggur fyrir í málinu áfrýjunarleyfi samkv. 25. gr. laga nr. 22, 6. okt. 1919, verður ex officio að visa máli þessu frá hæstarjetti.

Með því að stefndi hefir eigi látið mæta í málinu er eigi um málskostnað að ræða.

Því dæmist rjett vera:

Máli þessu vísast frá hæstarjetti. Málskostnaður fellur niður.
